

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 257/2010

2011/EES/55/13

frá 25. mars 2010

um að koma á fót áætlun um endurmat á samþykktum aukefnum í matvælum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 um aukefni í matvælum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

árum þar eð óskað var eftir nýjum vísindagögnum eða þau urðu aðgengileg á annan hátt. Af því leiðir að ekki þarf að endurmeta þessi aukefni aftur.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

4) Með tilliti til þess að nýjasta matið er á sætuefnum er rétt að þau verði endurmetin síðast.

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum¹, einkum 32. gr.,

5) Forgangsröðun vegna endurmats á þeim matvælaaukefnum sem nú eru samþykkt skal ákveðin á grundvelli eftirfarandi viðmiðana: sá tími sem liðinn er frá því að vísindanefndin eða Matvælaöryggisstofnunin mat matvælaaukefnið síðast, tiltækileiki nýrrar vísindabekkingar, umfang á notkun matvælaaukefnis í matvælum og váhrif af völdum aukefnisins á menn, en einnig skal taka tillit til niðurstaðna í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um inntöku matvælaaukefna með fæðu innan ESB⁽³⁾ frá 2001. Í skýrslunni um matvælaaukefni í Evrópu árið 2000 ⁽⁴⁾, sem Norræna ráðherranefndin lagði fyrir framkvæmdastjórnina, koma fram viðbótarupplýsingar sem nota má við forgangsröðun á endurmati á aukefnum.

Að höfðu samráði við Matvælaöryggisstofnun Evrópu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er þess krafist að framkvæmdastjórnin komi upp áætlun um endurmat Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) á öryggi matvælaaukefna sem þegar voru leyfð í Sambandinu fyrir 20. janúar 2009.
- 2) Árið 2007 lagði framkvæmdastjórnin skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um framvindu við endurmat á matvælaaukefnum⁽²⁾. Í þeirri skýrslu er að finna samantekt á nýlegu endurmati vísindanefndarinnar (hér á eftir nefnd vísindanefndin) og Matvælaöryggisstofnunarinnar á aukefnum og lýsingu á tengdum aðgerðum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins á grundvelli vísindalegu álitanna.
- 3) Endurmat á matvælaaukefnum er þegar hafið sem forgangsverkefni þar eð elsta matið, sem vísindanefndin annaðist, var á þessum matvælaaukefnum. Endurmati á tilteknum litarefnum er þegar lokið (nánar tiltekið E 102 tartrasíni, E 104 kílólingulu, E 110 sólsetursgulu FCF, E 124 pousseau 4R, E 129 allúrarauðu AC og E 122 karmósíni, E 160d lýkópeni). Þar að auki hafa nokkur matvælaaukefni, t.d. E 234 nísín og E 214–219 parahýdroxybensóöt, verið endurmetin á undanföllum

6) Vegna skilvirkni og afhagkvæmnisástæðum skal endurmat, eftir því sem við verður komið, fara fram eftir flokkum matvælaaukefna samkvæmt helsta virkniflokknum sem þau tilheyra. Matvælaöryggisstofnuninni skal þó kleift, samkvæmt beiðni frá framkvæmdastjórninni eða að eigin frumkvæði, að hefja endurmat á matvælaaukefni eða flokki matvælaaukefna sem nýtur forgangs ef fram kemur ný vísindabekking sem bendir til hugsanlegrar áhættu fyrir heilbrigði manna eða sem getur á einhvern hátt haft áhrif á mat á öryggi matvælaaukefnis.

7) Frestir vegna endurmats skulu settir í samræmi við þessa forgangsröðun. Í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum og einungis þegar slíkt endurmat getur tafið verulega fyrir endurmati á öðrum matvælaaukefnum er heimilt að endurskoða frestina sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

8) Nánari fresti vegna einstakra matvælaaukefna eða flokka matvælaaukefna má ákveða síðar til að greiða fyrir eðlilegri starfsemi endurmatsferlisins eða ef upp kemur áhyggjuefni.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 80, 26.3.2010, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 50/2011 frá 20. maí 2011 um breytingu á II viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 43, 28.7.2011, bls. 6.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

⁽²⁾ COM(2007) 418 lokagerð.

⁽³⁾ COM(2001) 542 lokagerð.

⁽⁴⁾ Food Additives in Europe 2000, Status of safety assessments of food additives presently permitted in the EU, Norræna ráðherranefndin, TemaNord 2002:560.

- 9) Til að endurmatsferlið verði skilvirkt er mikilvægt að Matvælaöryggisstofnunin afli sér allra viðeigandi gagna frá hagsmunaaðilum er varða endurmatið og að hagsmunaaðilunum sé tilkynnt um það með góðum fyrirvara þegar viðbótargagna er þörf til að ljúka megi endurmati á matvælaaukefni.
- 10) Rekstraraðilar, sem hafa hagsmuni af áframhaldandi samþykki fyrir matvælaaukefni sem verið er að endurmeta, skulu leggja fram öll gögn sem tengjast endurmati á matvælaaukefninu. Þegar unnt er skulu rekstraraðilar gera ráðstafanir til að leggja slíkar upplýsingar fram saman.
- 11) Matvælaöryggisstofnunin skal, einu sinni eða oft, kalla opinberlega eftir gögnum um öll matvælaaukefni sem á að endurmeta. Hagsmunaaðilar skulu leggja fyrir Matvælaöryggisstofnunina, innan tilskilinna tímamarka, þær tækni- og vísindaupplýsingar um matvælaaukefni sem eru nauðsynlegar til að hægt sé að endurmeta það, einkum eiturefnafræðileg gögn og gögn sem tengjast mati á váhrifum viðkomandi matvælaaukefnis á menn.
- 12) Vísindanefndin um matvæli hefur áður metið öryggi matvælaaukefnanna sem Matvælaöryggisstofnunin á að endurmeta og mörg þeirra hafa verið lengi í notkun. Upplýsingarnar sem leggja skal fram vegna endurmatsins skulu innihalda fyrirbyggjandi gögn sem fyrra mat á matvælaaukefninu var byggt á og öll ný gögn sem tengjast matvælaaukefninu sem lögð hafa verið fram frá síðasta mati vísindanefndarinnar um matvæli. Þær upplýsingar skulu vera eins ítarlegar og mögulegt er til að Matvælaöryggisstofnunin geti lokið endurmati sínu og sett fram uppfært álit og skulu lagðar fram samkvæmt viðeigandi leiðbeiningum um framlagningu vegna mats á matvælaaukefnum, eftir því sem unnt er (sem stendur eru það leiðbeiningar vísindanefndarinnar um matvæli frá 11. júlí 2001⁽¹⁾).
- 13) Matvælaöryggisstofnunin getur óskað eftir viðbótarupplýsingum til að ljúka endurmati á matvælaaukefni. Í því tilvik skal Matvælaöryggisstofnunin óska eftir nauðsynlegum gögnum með góðum fyrirvara, annaðhvort með því að kalla opinberlega eftir gögnum eða með því að hafa samband við þá aðila sem lögðu fram gögn um matvælaaukefnið. Hagsmunaaðilar skulu leggja fram umbeðnar upplýsingar innan tilskilins frests sem Matvælaöryggisstofnunin setur, að teknu tilliti til álits hagsmunaaðilanna, þar sem við á.
- 14) Í reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er kveðið á um að við samþykki fyrir matvælaaukefnum skuli einnig taka tillit til umhverfisþátta. Því skulu hagsmunaaðilarnir, innan ramma endurmats á matvælaaukefni, tilkynna framkvæmdastjórninni og Matvælaöryggisstofnuninni um allar upplýsingar sem tengjast hvers kyns umhverfisáhrættu sem stafar af framleiðslu, notkun eða úrgangi frá því aukefni.
- 15) Ef umbeðnar upplýsingar, sem eru nauðsynlegar til að ljúka endurmati á tilteknu matvælaaukefni, eru ekki lagðar fram má fjarlægja matvælaaukefnið af skrá Sambandsins yfir samþykkt matvælaaukefni.
- 16) Málsmeðferð við endurmat á matvælaaukefnum skal uppfylla kröfur um gagnsæi og upplýsingar til almennings en um leið tryggja trúnaðarkvaðir á tilteknum upplýsingum.
- 17) Eigi síðar en gildistökudag þessarar reglugerðar mun framkvæmdastjórnin koma á framfæri við almenning skrá yfir samþykkt matvælaaukefni sem verið er að endurmeta, ásamt dagsetningu á síðasta mati vísindanefndarinnar um matvæli eða Matvælaöryggisstofnuninnar á þeim.
- 18) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðfangsefni og gildissvið

1. Með þessari reglugerð er komið á fót áætlun um endurmat Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) á samþykktum aukefnum í matvæli eins og kveðið er á um í 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008.

2. Samþykkt matvælaaukefni, sem Matvælaöryggisstofnunin hefur lokið endurmati á þegar þessi reglugerð er samþykkt, skal ekki endurmeta aftur. Þessi matvælaaukefni eru skráð í I. viðauka.

⁽¹⁾ Guidance on submissions for food additive evaluations by the Scientific Committee on Food. Álit sett fram 11. júlí 2001. SCF/CS/ADD/GEN/26 lokagerð.

2. gr.

Skilgreiningar

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „samþykkt matvælaaukefni“: matvælaaukefni sem var leyft fyrir 20. janúar 2009 og er skráð í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/35/EB frá 30. júní 1994 um sätuefni til notkunar í matvælum⁽¹⁾, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/36/EB frá 30. júní 1994 um litarefni til notkunar í matvælum⁽²⁾ eða í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/2/EB frá 20. febrúar 1995 um aukefni í matvælum önnur en litarefni og sätuefni⁽³⁾,
- b) „rekstraraðili“: einstaklingur eða lögaðili sem er ábyrgur fyrir því að farið sé að kröfum reglugerðar (EB) nr. 1333/2008 í matvælafyrirtæki undir hans stjórn,
- c) „rekstraraðili sem hefur hagsmuna að gæta“: rekstraraðili sem hefur hagsmuni af áframhaldandi samþykki fyrir einu eða fleiri samþykktum matvælaaukefnum,
- d) „upphafleg málsskjöl“: málsskjöl sem lágu til grundvallar þegar matvælaaukefni var metið og leyft til notkunar í matvæli fyrir 20. janúar 2009.

3. gr.

Forgangsröðun vegna endurmats á samþykktum matvælaaukefnum

1. Samþykkt matvælaaukefni skulu endurmetin í eftirfarandi röð og innan eftirfarandi frests:

- a) endurmati á öllum samþykktum matvælaaukefnum, sem skráð eru í tilskipun 94/36/EB, skal lokið eigi síðar en 31. desember 2015,
- b) endurmati á öllum samþykktum matvælaaukefnum, öðrum en litarefnum og sätuefnum sem skráð eru í tilskipun 95/2/EB, skal lokið eigi síðar en 31. desember 2018,
- c) endurmati á öllum samþykktum sätuefnum í matvæli, sem skráð eru í tilskipun 94/35/EB, skal lokið eigi síðar en 31. desember 2020.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 237, 10.9.1994, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 237, 10.9.1994, bls. 13.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 61, 18.3.1995, bls. 1.

2. Í II. viðauka við þessa reglugerð eru settir nánari frestir fyrir tiltekin matvælaaukefni innan virkniflokkanna sem um getur í 1. mgr. Þessi matvælaaukefni skulu metin á undan öðrum matvælaaukefnum í sama virkniflokki.

3. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. getur Matvælaöryggisstofnunin hvenær sem er hafið endurmat á matvælaaukefni eða flokki matvælaaukefna sem njóta forgangs, samkvæmt beiðni frá framkvæmdastjórninni eða að eigin frumkvæði, ef fram kemur ný vísindabekking sem

- a) bendir til hugsanlegrar áhættu fyrir heilbrigði manna eða
- b) getur á einhvern hátt haft áhrif á öryggismat á matvælaaukefninu eða flokki matvælaaukefnanna.

4. gr.

Málsmeðferð við endurmat

Matvælaöryggisstofnunin skal, við endurmat á samþykktu matvælaaukefni:

- a) kanna upphaflega álitid og vinnuskjöl vísindanefndarinnar um matvæli eða Matvælaöryggisstofnunarinnar,
- b) kanna upphaflegu málsskjölin, ef þau liggja fyrir,
- c) kanna gögn sem rekstraraðili eða -aðilar sem hafa hagsmuna að gæta og/eða aðrir hagsmunaaðilar lögðu fram,
- d) kanna öll gögn sem framkvæmdastjórnin og aðildarríkin hafa lagt fram,
- e) greina viðeigandi heimildir sem birtar hafa verið frá síðasta mati á hverju matvælaaukefni.

5. gr.

Kallað eftir gögnum

1. Til að afla gagna frá rekstraraðilum sem hafa hagsmuna að gæta og/eða öðrum hagsmunaaðilum skal Matvælaöryggisstofnunin kalla opinberlega eftir gögnum um þau matvælaaukefni sem verið er að endurmeta. Þegar Matvælaöryggisstofnunin tilgreinir tímaáætlun til framlagningar gagna skal hún, eftir gildistöku þessarar reglugerðar, veita rekstraraðila sem hefur hagsmuna að gæta og/eða öðrum hagsmunaaðilum hæfilegan frest til að uppfylla þessar skyldur.

2. Gögnin sem um getur í 1. mgr. geta m.a. tekið til eftirfarandi:

- a) rannsóknarskýrsla úr upphaflegu málsskjölunum sem metin voru af vísindanefndinni um matvæli eða Matvælaöryggisstofnuninni eða sameiginlegri sérfræðinganevnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum (JECFA),
- b) upplýsinga varðandi gögn um öryggi viðkomandi matvælaaukefnis sem vísindanefndin um matvæli eða JECFA hafa ekki endurskoðað áður,
- c) upplýsinga um nákvæmar skilgreiningar á matvælaaukefnum sem eru í notkun sem stendur, þ.m.t. upplýsingar um kornastærð og viðeigandi eðlisefnafræðileg einkenni og eiginleikar,
- d) upplýsinga um framleiðsluferlið,
- e) upplýsinga um greiningaraðferðir sem eru fyrir hendi til greiningar í matvælum,
- f) upplýsinga um váhrif á menn af völdum matvælaaukefna (t.d. neyslumynstur og notkun, raunverulegt notkunarstig og hámarksnotkunarstig, tíðni neyslu og aðrir þættir sem hafa áhrif á váhrif),
- g) efnahvarfa og afdrifa í matvælum.

6. gr.

Framlagning gagna

1. Rekstraraðili eða -aðilar sem hafa hagsmuna að gæta og aðrir hagsmunaaðilar skulu leggja fram gögn sem tengjast endurmati á matvælaaukefni, eins og um getur í 2. mgr. 5. gr., innan þeirra tímamarka sem Matvælaöryggisstofnunin setur í kalli sínu eftir gögnum. Í framlögðum gögnum rekstraraðila sem hefur hagsmuna að gæta og annarra hagsmunaaðila skulu vera þau gögn sem Matvælaöryggisstofnunin óskaði eftir og fylgja skal, eftir því sem unnt er, viðeigandi leiðbeiningum um framlagningu vegna mats á matvælaaukefnum⁽¹⁾.

2. Þegar nokkrir rekstraraðilar hafa hagsmuna að gæta mega þeir, þegar unnt er, leggja gögnin fram sameiginlega.

3. Ef þörf er á viðbótarupplýsingum, sem taldar eru skipta máli vegna endurmats á tilteknu matvælaaukefni meðan á endurmatinu stendur, skal Matvælaöryggisstofnunin, með opinberu kalli eftir gögnum, óska eftir þessum upplýsingum

⁽¹⁾ Sem stendur er það álit vísindanefndarinnar um matvæli frá 11. júlí 2001. SCF/CS/ADD/GEN/26 lokagerð.

frá rekstraraðilum, sem hafa hagsmuna að gæta, og bjóða öðrum hagsmunaaðilum að leggja fram þessar upplýsingar. Matvælaöryggisstofnunin skal ákveða frest til framlagningar á þessum upplýsingum, að teknu tilliti, þar sem við á, til álits rekstraraðila, sem hafa hagsmuna að gæta, og/eða annarra hagsmunaaðila á því hversu langur tími er nauðsynlegur. Í slíkum tilvikum skal Matvælaöryggisstofnunin leggja fram beiðni um viðbótarupplýsingar með góðum fyrirvara þannig að það hafi ekki áhrif á heildarfresti vegna endurmats sem settir eru fram í 1. mgr. 3. gr. og II. viðauka.

4. Í endurmatinu skal ekki taka tillit til upplýsinga sem ekki voru lagðar fram innan frestsins sem Matvælaöryggisstofnunin setti. Í undantekningartilvikum getur Matvælaöryggisstofnunin þó ákveðið, með samþykki framkvæmdastjórnarinnar, að taka tillit til upplýsinga sem lagðar voru fram eftir að fresturinn rann út ef viðkomandi upplýsingar eru mikilvægar fyrir endurmat á matvælaaukefni.

5. Ef umbeðnar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram hjá Matvælaöryggisstofnuninni innan tilskilins frests má fjarlægja matvælaaukefnið af skrá Sambandsins í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 10. gr. í reglugerð (EB) nr. 1333/2008⁽²⁾.

7. gr.

Aðrar upplýsingar

Rekstraraðili eða -aðilar sem hafa hagsmuna að gæta eða aðrir hagsmunaaðilar skulu, innan ramma endurmats á matvælaaukefni, tilkynna Matvælaöryggisstofnuninni og framkvæmdastjórninni um allar fyrirbyggjandi upplýsingar sem tengjast hvers kyns umhverfisáhættu sem stafar af framleiðslu, notkun eða úrgangi frá matvælaaukefninu.

8. gr.

Trúnaðarkvaðir

1. Fara skal með upplýsingar sem trúnaðarmál ef birting þeirra getur skaðað samkeppnisstöðu rekstraraðila eða annarra hagsmunaaðila umtalsvert.

2. Upplýsingar um eftirfarandi teljast ekki undir neinum kringumstæðum vera trúnaðarmál:

- a) nafn og heimilisfang rekstraraðilans sem á hagsmuna að gæta,
- b) efnaheiti og skýr lýsing á efninu,
- c) upplýsingar um notkun efnisins í eða á tiltekin matvæli eða flokka matvæla,

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

d) upplýsingar sem hafa þýðingu fyrir mat á öryggi efnisins,

e) aðferð(ir) til greiningar í matvælum.

3. Að því er varðar 1. mgr. skal rekstraraðili eða -aðilar sem hafa hagsmuna að gæta og aðrir hagsmunaaðilar tilgreina þær framlögðu upplýsingar sem þeir óska eftir að farið verði með sem trúnaðarmál. Í slíkum tilvikum skal færa fram rök sem unnt er að sannreyna.

4. Að tillögu Matvælaöryggisstofnunarinnar skal framkvæmdastjórnin ákveða, að höfðu samráði við rekstraraðila sem hefur hagsmuna að gæta og/eða aðra hagsmunaaðila, hvaða upplýsingar megji haldast áfram sem trúnaðarmál og skal hún tilkynna Matvælaöryggisstofnuninni og aðildarríkjunum um það.

5. Framkvæmdastjórnin, Matvælaöryggisstofnunin og aðildarríkin skulu, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar⁽¹⁾, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja viðeigandi trúnaðarkvaðir á upplýsingum sem þeim berast

nema um sé að ræða upplýsingar sem nauðsynlegt er að gera opinberar, ef aðstæður krefjast þess, til að vernda heilbrigði manna, heilbrigði dýra eða umhverfið.

6. Framkvæmd 1. til 5. mgr. skal ekki hafa áhrif á dreifingu upplýsinga á milli framkvæmdastjórnarinnar, Matvælaöryggisstofnunarinnar og aðildarríkjanna.

9. gr.

Vöktun á framvindu

Í desember á hverju ári skal Matvælaöryggisstofnunin tilkynna framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum um framvindu endurmatsáætlunarinnar.

10. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. mars 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti

José Manuel BARROSO

⁽¹⁾ Stjrtíð. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43.

I. VIÐAUKI

Skrá yfir samþykkt matvælaaukefni sem voru samþykkt fyrir 20. janúar 2009 og sem Matvælaöryggisstofnunin hefur lokið endurmati á við samþykkt þessarar reglugerðar

E-nr.	Efni	Ártal síðasta mats vísindanefndarinnar um matvæli eða Matvælaöryggisstofnuninnar	Staðan á endurmati Matvælaöryggisstofnunnar
E 102	Tartrasín	2009	Endurmati lauk 23. september 2009
E 104	Kínólingult	2009	Endurmati lauk 23. september 2009
E 110	Sólsetursgult FCF, appelsínugult S	2009	Endurmati lauk 24. september 2009
E 122	Asórúbín, karmósín	2009	Endurmati lauk 24. september 2009
E 124	Ponseau 4R, kókínílrault A	2009	Endurmati lauk 23. september 2009
E 129	Allúraraugt AC	2009	Endurmati lauk 23. september 2009
E 160d	Lýkópen	2008	Endurmati lauk 30. janúar 2008
E 234	Nísín	2006	Endurmati lauk 26. janúar 2006
E 173	Ál	2008	Endurmati lauk 22. maí 2008
E 214	Etýl-p-hýdroxýbensóat	2004	Endurmati lauk 13. júlí 2004
E 215	Natríumetýl-p-hýdroxýbensóat	2004	Endurmati lauk 13. júlí 2004
E 218	Metýl-p-hýdroxýbensóat	2004	Endurmati lauk 13. júlí 2004
E 219	Natríummetýl-p-hýdroxýbensóat	2004	Endurmati lauk 13. júlí 2004
E 235	Natamýsín	2009	Endurmati lauk 26. nóvember 2009
E 473	Súkrósaesterar af fitusýrum	2006	Endurmati lauk 23. nóvember 2004, endurskoðað 26. janúar 2006
E 474	Súkróglýseríð	2006	Endurmati lauk 23. nóvember 2004, endurskoðað 26. janúar 2006
E 901	Bývax, hvítt og gult	2007	Endurmati lauk 27. nóvember 2007

*II. VIÐAUKI***Sérstök forgangsroðun vegna tiltekinna matvælaaukefna innan virkniflokka matvælaaukefna eins og um getur í 1. og 2. mgr. 3. gr.****I. HLUTI: MATVÆLALITAREFNI**

Innan heildartímamarkanna, sem sett voru fyrir endurmat á matvælalitarefnum í 1. mgr. 3. gr. og miðast við 31.12.2015, eru tilgreindir eftirfarandi nánari frestir fyrir eftirfarandi matvælalitarefni:

1. Mati á eftirfarandi matvælalitarefnum skal lokið eigi síðar en 15.4.2010

E 123	Amarant
E 151	Gljáandisvart BN, Svart PN
E 154	Brúnt FK
E 155	Brúnt HT og
E 180	Lítólrúbín BK

2. Mati á eftirfarandi matvælalitarefnum skal lokið eigi síðar en 31.12.2010

E 100	Kúrkúmín
E 127	Erýtrósín
E 131	Patentblátt V
E 132	Indígótín, indógókarmín
E 133	Skærblátt FCF
E 142	Grænt S
E 150a	Karamellubrúnt
E 150b	Basískt súlfítað karamellubrúnt
E 150c	Karamellubrúnt, ammóníað
E 150d	Ammóníað súlfítað karamellubrúnt
E 161b	Lútín
E 161g	Kantaxantín
E 170	Kalsíumkarbónat

3. Mati á eftirfarandi matvælalitarefnum skal lokið eigi síðar en 31.12.2015

E 101	i) Ribóflavín ii) Ribóflavín-5'-fosfat
E 120	Kókiníl, karmínsýra, karmín
E 140	Klórófýll og klórófýllín: i) Klórófýll ii) Klórófýllín
E 141	Klórófýll- og klórófýllínkoparflókar: i) Klórófýllkoparflókar ii) Klórófýllínkoparflókar
E 153	Viðarkolsvart
E 160b	Annattó, bixín, norbixín
E 160a	Karótín: i) Blönduð karótín ii) β -karótín
E 160c	Paprikukjarni, kapsantín, kapsórúbín
E 160e	Beta-apó-8'-karótenal (C30)

E 160f	Beta-apó-8'-karótenóíðsýruetýlester (C30)
E 162	Rauðrófulitur, betanín
E 163	Antósyanín
E 171	Títandíoxíð
E 172	Járníoxíð og -hýdroxíð
E 174	Silfur
E 175	Gull

II. HLUTI: MATVÆLAAUKEFNI ÖNNUR EN LITAREFNI OG SÆTUEFNI

Innan heildartímamarkanna, sem sett voru fyrir endurmat á öðrum matvælaaukefnum en litarefnum og sætuefnum í 1. mgr. 3. gr. og miðast við 31.12.2018, eru tilgreindir eftirfarandi nánari frestir fyrir tiltekin matvælaaukefni og flokka matvælaaukefna:

1. Mati á rotvarnarefnum og þrávarnarefnum E 200–203; E 210–215, E 218–252, E 280–285; E 300–E 321 og E 586 skal lokið eigi síðar en 31.12.2015

Eftirfarandi efni innan þessa flokks njóta forgangs:

E 310–312	Gallöt
E 320	Bútýlhýdroxýanisól (BHA)
E 321	Bútýlhýdroxýtólúen (BHT)
E 220-228	Brennisteinsdíoxíð og -súlfít
E 304	Fitusýruesterar askorbínsýru: i) Askorbýlpalmítat ii) Askorbýlsterat
E 200–203	Sorbínsýra og sorböt
E 284	Bórsýra
E 285	Natríumtetrabórat (bórax)
E 239	Hexametýlentetramín
E 242	Dímetýldíkarbónat
E 249	Kalíumnítrít
E 250	Natríumnítrít
E 251	Natríumnítrat
E 252	Kalíumnítrat
E 280–283	Própíónsýra og natríum-, kalsíum- og kalíumsölt hennar
E 306	Tókóferólauðugur kjarni
E 307	α -tókóferól
E 308	γ -tókóferól
E 309	δ -tókóferól

2. Mati á ýruefnum, fleytiefnum og bindiefnum E 322, E 400–E 419, E 422–E 495 og E 1401–E 1451 skal lokið eigi síðar en 31.12.2016

Eftirfarandi efni innan þessa flokks njóta forgangs:

E 483	Sterýltartrat
E 491–495	Sorbítanesterar
E 431	Pólýoxýetýlen(40)sterat
E 432–436	Pólýsorböt

E 444	Súkrósaasetatísóbútýrat
E 481	Natríumsteróýl-2-laktýlat
E 482	Kalsíumsteróýl-2-laktýlat
E 414	Arabískt gúmmi (*)
E 410	Karóbgúmmi (*)
E 417	Taragúmmi (*)
E 422	Glýseról
E 475	Pólyglýserólesterar af fitusýrum

3. **Mati á E 551 kisildíoxíði, E 620–625 glútamötum, E 1105 lýsósími og E 1103 invertasa skal lokið eigi síðar en 31.12.2016**

4. **Mati á þeim matvælaaukefnum sem eftir standa, öðrum en litarefnum og sætuefnum, skal lokið eigi síðar en 31.12.2018**

Eftirfarandi njóta forgangs:

E 552	Kalsíumsílikat
E 553a	Magnesíumsílikat og -trísílikat
E 553b	Talkúm
E 558	Bentónít
E 999	Kvillæjakjarni
E 338–343	Fosfórsýra og fosföt
E 450–452	Dí-, trí- og fjölfosföt
E 900	Dimetýlpólýsiloxan
E 912	Montansýruesterar
E 914	Oxað pólýetýlenvax
E 902	Kandelillavax
E 904	Skellakk
E 626–629	Gúanýlsýra, dínatríumgúanýlat, díkalíumgúanýlat og kalsíumgúanýlat
E 630–633	Inósínsýra, dínatríuminósínat, díkalíuminósínat og kalsíuminósínat
E 634–635	Kalsíum-5'-ríbónúkleótíð og dínatríum-5'-ríbónúkleótíð
E 507–511	Saltsýra, kalíumklóríð, kalsíumklóríð, magnesíumklóríð
E 513	Brennisteinssýra

(*) Meta má alla náttúrulega gúmkvoðu, E 400–418 og E 425, samtímis.